



4. febrúar 2026

## Fundur hjá skólaráði Ártúnsskóla

Mættir: Ellen Gísladóttir skólastjóri, Hanna Sóley Helgadóttir aðstoðarskólastjóri leikskóladeildar og ritari fundar, Lilja Rut Beck fulltrúi kennara, Birna Guðmundsdóttir námsráðgjafi, Bárður Steinn Jóhannesson fulltrúi starfsmanna grunnskóla, Lilja Hrönn Einarsdóttir fulltrúi frístundar, Anna Dögg Rúnarsdóttir fulltrúi starfsmanna á leikskóladeild, Árni Brynjúlfsson fulltrúi foreldrafélags og Hörður Þór Jóhannsson fulltrúar foreldra, Una Ragnarsdóttir og Árdís Rún Viðarsdóttir fulltrúar nemenda.

Ellen setur fundinn, nokkur forföll.

Þróunarverkefni – Hjólaferni í 4. bekk. Verkefnið hefur gengið vel og nú þegar er búið að virkja börn til þess að hjóla sem höfðu ekki hjólað áður.

Skólareglur – upprifjun á þeim fyrir nemendur, foreldra og starfsmenn á hverju skólaári.

Hlutverk skólavina í frímínútum – Nemendur í 5 – 7 bekk aðstoða á matsal í matartíma hjá 1 – 4 bekk og stýra leik í frímínútum að morgni. Þátttakendum er umbunað í lok tímabils.

Starfshópar – fjórir starfshópar í grunnskóla á skólaárinu. Þeir eru Innra mat - Umhverfismennt - Heilsuefning og Læsi

Sumarlokun í leikskóladeild og frístund sumarið 2026, 8. júlí – 5. ágúst.

Skóladagatal – 180 skóladagar. Skólasetning 24. ágúst, ákveðið að hafa sama háttinn á og undanfarin ár og vera með fræðslu fyrir foreldra á skólasetningu. Fá hugmyndir frá foreldrahópnum, tillögur um fræðslu um svefn og nærsamfélagið. Ellen fór yfir helstu dagana sem eru á skóladagatali, starfsdaga, hreystidaga, samskipta daga, uppbrotsdagar, fullvelliðsdagur, jólafrí, vetrarleyfi, ekki er vitað hvernig matsferillinn verður á næsta skólaári, samverur verða að fá að vera fljótandi upp á matsferil. Í maí er stefnt á að fara í námsferð allir deildar saman, þess vegna eru tveir starfsdagar þar. Skólaslit eru 10. júní 2027.

**Skóladagatal fyrir skólaárið 2026 - 2027 var samþykkt af skólaráði.**

Ytra og innra mat - niðurstöður Skólapiðs og nemendakönnunar. Samantekt úr Skólapiðsinum kynntur og eru niðurstöður heilt yfir jákvæðar fyrir Ártúnsskóla. Atriðið sem eru spurð út í eru: virkni nemenda í skólanum, líðan og heilsa, skólabekkjandi og fleira. Áhugavert að sjá að nemendur hafa mikla trú á eigin námsgetu. Það eru fá börn sem segjast lenda í einelti en segja miðað við könnun að það gerist oft, Birna hitti hvert barn í viðtal og fór yfir líðan og einelti og nemendur fengu tækifæri til að koma með ábendingar. Skólamatur var ræddur þar er margt gott og margt sem má bæta. Agi í tímum er á mikilli uppsiglingu sem og virkni nemenda. Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur ínm 6. Og 7.b í janúar. Þau svara að maturinn er allt í lagi, nemendum lýður vel á matsal og í frímínútum. Gera þarf átak á hverju ári um að börn upplifi sig að hafa alltaf einhvern fullorðin til að leita til. Bekkjareglur þarf að brýna fyrir kennurum og huga að því að nemendur séu með þetta á hreinu. Gleðilegt að sjá að allir nemendur upplifa að þeir eigi vin. Eitt barn tjáir sig um einelti í frímínútum og á netinu.

Lesfimi – farið yfir niðurstöður árganganna frá fyrirlögn í janúar. Niðurstöður ánægjulegar fyrir skólann.



ÁRTÚNSSKÓLI  
LEIKSKÓLI - GRUNNSKÓLI - FRÍSTUNDAHEIMILI  
ÁRANGUR - VIRÐING - VELLÍÐAN

Framundan og í vinnslu – Matsferill hefst á þessu ári, í lesskilningi og stærðfræði í 4 – 7 bekk, verður lagt fyrir í mars. Skyldu fyrirlögn í 4 og 6 bekk. Stjórnandi og kennarar fagna þessu nýja mælitæki

Vinna við nýja skólanámskrá leikskóladeildar er í gangi og verður áfram á þessu skólaári.

Önnur mál – almenn umræða um það sé gott að fá tæki til að sjá stöðu nemenda með fleiri prófum sem gefa betri mynd af þekkingu nemenda.

Fundi slitið kl. 9:32

Fundaritari Hanna Sóley